Ed. **428. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um ráðstöfun á þjóðjörðinni Kópavogi til væntanlegs hressingarhælis fyrir berklaveika.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

I. Tillagan orðast þannig:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við landlækni rannsaka, hvar heppilegt væri að koma upp hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk, og velja sjerstaklega stað eða staði, þar sem er gott til ræktunar, skóglendi og heitar laugar, hentugar til að hita híbýli og til afnota við ræktun, og leggja síðan árangur þessarar rannsóknar fyrir næsta Alþingi.

II. Fyrirsögnin orðast þannig:

Tillaga til þingsályktunar um hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk.